



Smíðaval 2019-2020.

Bekkur: 8 - 10. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennarar: Margrét Lára Eðvarðsdóttir

Tímafjöldi: 2 x 40 mínútur á viku á miðvikudögum.

Námsgögn: Hönnun og verkleg vinna, innlögn og stuðningur af námsefni eftir því sem þurfa þykir.

Í upphafi skólaárs er farið yfir öryggis- og umgengnisegluglur í smíðastofu þar sem helsta vinnan fer fram. Lögð verður áhersla á hönnun, útfærslu og vandvirkni í vinnu verkefna vetrarins. Nemendur verða þjálfaðir í að teikna og hanna sín eigin verkefni ásamt því að vinna eftir einfaldri málsetningu og smíðateikningu. Þekking á nýtingu og tilgangi verkfæra er mikilvæg og því er lögð áhersla á kennslu í notkun þeirra og þeir beiti réttum vinnuaðferðum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti efniviðinn vel. Hver kennslutími endar á frágangi þar sem hver nemandi gengur frá eftir sig.

Verkefni og skipulag kennslu:

Skipulag kennslu í sköpun og hönnun verður nokkuð frjálst þar sem nemendur fá að láta í ljós áhuga sinn á nálgun kennslunnar og þannig fengið að hafa áhrif á verkefnaval vetrarins. Mikil áhersla verður lögð á að kynna fyrir nemendum framtíðarmöguleika í menntun á sviði hönnunar, smíða og sköpunar ýmiskonar. Farið verður í tæknilega vinnu við verklýsingar og hönnunarteikningar. Verkfæraþekkingu á helstu hand- og rafmagnsverkfærum gerð góð skil ásamt líkamsbeitingu. Endurnýting og endurvinnsla hvers konar verður sérstaklega tekin fyrir áhersla verður lögð á notkun hennar í sköpuninni. Kennt er einu sinni í viku tvo tíma í senn.

Skylduverkefni: Nemendur velja sér eitt grunnverkefni til að vinna að í vetur. Þetta verkefni er eigin hönnun og nýta nemendur netið, bækur og fleira til að finna hugmyndir að verkefni sem hefur gildi fyrir þau sjálf að vinna. Þarna skiptir áhugi og ímyndunarafl miklu máli. Þá geta nemendur valið sér fleiri frjáls verkefni í tálgun, skartgripasmíði og hefðbundna smíðsgripi til að vinna að, allar hugmyndir eru mögulegar.

Verklýsingar: Nemendur halda teikningum og verklýsingum til haga og skrá hjá sér í ferilbók. Í ferilbókina fara allar helstu upplýsingar um verkfæri, efni og vinnuaðferðir auk verkfæra. Þar meta þau einnig vinnuframlag sitt með sjálfsmati.

Hönnun.

Hvernig varð hluturinn til, hvaðan kom hugmyndin og hver var fyrirmyndin ef einhver. Hvernig var hönnunarferlið.

Undirbúningur - smíðin sjálf.

Hvað var næsta skref? Hvernig var verkið unnið, hvaða efniviður var notaður? Skráðu skref fyrir skref hvað þú gerðir, einnig ef breytingar urðu á hönnuninni/smíðinni í vinnuferlinu.



Frágangur.

Yfirborðsmeðhöndlun – hvernig var verkefnið meðhöndlað eftir smíðina? Voru skreytingar, málun, brennimerking? Mynd af verkefni fylgi með.

Verkefnamat .

Hvernig fannst þér takast til – kostir og gallar, hversu mikið lagðir þú þig fram og hvað mætti betur fara. Hvað kom þér á óvart og hvað ert þú ánægð/ur með?

Ferilbók í smíðavali:

Innihald ferilbókar:

1. Forsíða í tölvu eða fríhendis skreytt að vild – fram komi nafn nemanda og bekkur.
2. Verkefnalisti – upptalning á vinnuteikningum og eða smíðsgripum.
3. Vinnuteikningar af hönnun smíðagripa ef unnar voru, verklýsingar af hverjum grip/verkþætti.
4. Heima/tímaverkefni.

Ferilbók gildir 10% af lokaeinkunn.

Ferilbók skal skila miðvikudaginn 19. desember 2018.

Námshyggja:

Stefnt verður að því að fara í heimsókn í skóla (á sýningu) eða fá kynningu frá skóla sem bjóða upp á framhaldsnám tengt sköpun og hönnun. Mögulega gæti þessi kynning dregist fram á vorönn vegna skipulags framhaldsskólanna. Látið verður vita nánar með tölvupóstum þess efnis.

Lokanámsmat: Símat er á hönnun og vinnu nemenda yfir önnina. Ferilbók og heimaverkefni er hluti af vinnubókareinkunn

Metið er í litum; rauðum, gulum, grænum og bláum í símati og lokaeinkunn er gefin í A, B+, B, C+, C, og D og skráð í Mentor.

Ástundun = Vinna í tíma, mæting og frágangur 25%

- Þessir þættir eru metnir með símati og teknir inn í námsmat verkefna.

Vinna = Smíðaverkefni, verklýsingar og vinnubók 75%

Vinnubók 10% Verkefni annarinnar 65%

- Þessir þættir eru metnir út frá metanlegum hæfniviðmiðum
Aðalnámskrár og birtast í Menor.